

Sp.

24. Tillaga til þingsályktunar

[24. mál]

um ráðstafanir til að auðvelda umferð fatlaðra.

Flm.: Oddur Ólafsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að skipa nefnd, er kanni leiðir, sem tryggja, að byggingar og umferðaræðar framtíðarinnar, er njóta fjárhagslegrar fyrirgreiðslu opinberra aðila, verði hannaðar þannig, að fatlað fólk komist sem greiðlegast um þær.

Enn fremur athugi nefndin, hvort ekki sé ástæða til þess að veita úr ríkissjóði nokkra fjárhæð árlega, gegn jafnháu framlagi frá sveitarfélögum, til þess að bæta umferðarmöguleika fyrir fatlað fólk um þær byggingar, sem nú eru í notkun.

Nefndin semji að könnun lokinni frumvarp til laga um úrbætur í þessum efnum.

G r e i n a r g e r ð .

Hér á landi eru um 15 þús. manns, sem eiga erfitt með að komast um vegna ýmiss konar fötlunar. Skipulagning svæða og hönnun bygginga, sem almenningur ferðast um, hefur því mikla þýðingu fyrir fjölda einstaklinga. Þrep og tröppur framan við útidyr gera það að verkum, að fatlaðir í hjólastólum komast ekki hjálparlaust inn í slík hús og geta því ekki án aðstoðar notið þjónustu, sem þar er veitt. Margs konar aðrir umferðarþröskuldar verða á vegi fatlaðra, bæði innan dyra og utan. Oft er málum þannig háttað, að nálega enginn aukakostnaður væri við gerð húsa. Þótt tekið væri tillit til þarfa fatlaðra, í öðrum tilvikum væri um nokkurn aukakostnað að ræða, en nýting bygginganna mundi einnig aukast verulega. Á sama hátt mætti auka möguleika fatlaðra til útivistar og umferðar um skipulögð svæði, ef þarfir þeirra væru hafðar í huga.

Þeir, sem hér um ræðir, eiga erindi á borð við aðra, sem heilir eru, í opinberar skrifstofur, skóla, póst- og símstöðvar, leikhús, kvikmyndahús, verðanir og fjölda vinnustaða.

Ekki er ólíklegt, að fjöldi þeirra, sem þurfa greiðari aðgang að byggingum en nú tíðkast, aukist í framtíðinni. Í þeim hópi eru aldraðir, sem ellikramarfötun hafa, þeir, sem fatlaðir eru vegna meðfæddra örkuþla, og hinir, sem hindraðir eru í hreyfingum vegna afleiðinga slysa og sjúkdóma. Einnig ber að leggja áherslu á, að margir þeir, sem haldnir eru lungna- eða hjartasjúkdómum, eiga erfitt með að komast áfram í stigum og öðrum byggingarlegum farartálmum. Þetta gildir einnig gagnvart blindum, sjóndöprum og heyrnarskertum.

Greiðari gangur um umferðaræðar og byggingar mundi einnig auðvelda mæðrum með börn eða barnavagna að sinna erindum sínum.

Nú er lögð vaxandi áhersla á að endurhæfa fatlaða til starfa og eðlilegrar tilveru. Því aðeins kemur endurhæfing að fullum notum, að umferð fatlaðra sé gerð auðveldari en nú er.